



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Borg, 18. febrúar 2021

Efni: Umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 17. febrúar s.l. var tekið fyrir erindi frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál. Eftirfarandi bókun var gerð:

17. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggst alfarið gegn ákvæði frumvarpsins um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga. Engin haldbær rök hafa verið færð fyrir þeirri tölu sem nefnd er í frumvarpinu sem lágmarksíbúafjöldi, né útskýrt að hvaða leyti sú íbúatala á að hjálpa sveitarfélögum við að ná markmiðum um sjálfbærni og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Sveitarstjórn telur jafnframt að lögþvingun af þessu tagi sé ekki í samræmi við það lýðræði og sjálfsstjórnarrétt sem fjallað er um í greinargerð frumvarpsins. Frumvarpið nær ekki að styðja við markmið um eflingu sveitarfélagastigsins að ráði, en getur þvert á móti leitt til veikingar byggða á ákveðnum svæðum. Sveitarstjórn hvetur ríkisstjórn og Alþingi til að virða lýðræðislegan rétt íbúa til að eiga val um það með kosningarétti sínum hvernig best er að haga sveitarfélagaskipan á hverju svæði. Sameining sveitarfélaga getur verið góður valkostur, en meginatriði er að hún verði á grundvelli ákvörðunar íbúanna sjálfra.

Sveitarstjórn setur stórt spurningarmerki við lögmati frumvarpsins og vísar sérstaklega til 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. bréf Óskars Sigurðssonar hrl. frá 17. febrúar 2021 með athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn hvetur eindregið til að samþykkt verði tillaga starfshóps minni sveitarfélaga, þar sem lagt er til að fallið verði frá íbúalágmarki og sveitarstjórnnum og íbúum í sjálfvald sett að



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

ákveða hvort þörf eða forsendur séu til sameiningar. Sveitarstjórn telur að það muni leiða til farsælli þróunar sveitarfélaga en tillagan um íbúalágmark.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar



Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri